**140. löggjafarþing 2011–2012.**
**Þingskjal 1218 — 759. mál.**

# Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um aðgang almennings
að beinum útsendingum frá stórviðburðum í íþróttum.

Frá Lúðvík Geirssyni.

1. Hver er skoðun ráðherra á því að stórviðburðir í íslenskum íþróttum, t.d. landsleikir í knattspyrnu og handknattleik, skuli eingöngu vera aðgengilegir landsmönnum í læstri sjónvarpsútsendingu?
2. Telur ráðherra ástæðu til að nýta reglugerðarheimild í 48. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, og tryggja opinn aðgang landsmanna að öllum íslenskum stórviðburðum, þar á meðal landsleikjum í helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru hérlendis?
3. Er eitthvað að mati ráðherra sem hindrar að slík reglugerð verði sett?
4. Má vænta þess að slík reglugerð verði sett nú á næstunni?

**Skriflegt svar óskast.**